

# Jóla hvað?

Desember 2017

Desember í aðdraganda jólahátíðar er oft annasamur tími fyrir flesta, en stundum getur verið gott að gleyma sér aðeins, láta fara vel um sig og kíkja í bók. Bækurnar í brennidepli hafa að þessu sinni einhverja tengingu eða tilvísun í jól, allt frá skáldsögum, glæpasögum og ævisögum til fræði-, ljóða- og hljóðbóka.

Oft getur verið skemmtilegt fyrir fjölskylduna að hlusta saman á hljóðbók, jafnvel á meðan verið er að baka, skreyta eða pakka inn gjöfum. Þá eru *Íslenskar þjóðsögur* úr safni Jóns Árnasonar alltaf klassískar; ekki síst *Álfa- og jólasögur*. *Upplesnar sígildar jólasögur* og *Upplesnar sígildar jólasögur á aðventunni* eru klassískar jólasögur frá ýmsum löndum sem gefa einstaka stemningu í skammdeginu.

*Saga jólanna* er bók eftir Árna Björnsson þjóðháttafræðing og fjallar um jólahátíðina fyrr og síðar á Íslandi og víðar. Hér rekur hann sögu jólanna frá upphafi þegar allir, fátækir og ríkir, héldu ljóshátíð í skammdeginu. Einstakur fróðleikur fyrir þá sem vilja vita meira um hefðina hér á landi og hvernig hún hefur breyst í tímans rás.

Meðal ævisagna má finna bókina *Jólaminningar: hátíð ljóssins í huga Íslendinga* sem Jónas Ragnarsson tók saman. Hér birtast frásagnir um jólin á árum áður, og er rætt við tólf þjóðþekkta Íslendinga um minningar þeirra frá bernskujólum. Einnig er rifjaður upp tíðarandi jólamánaðarins frá upphafi til loka tuttugustu aldarinnar.

Ýmis skáldverk með skírskotun til jóla er að finna á hinu ástkæra, ylhýra móðurmáli, þýdd og frumsamin. *Morgunverður á Tiffany's* eftir Truman Capote mætti telja klassík og var sagan kvikmynduð 1961 með Audrey Hepburn í aðalhlutverki.

*Ráðgátan um jólabúðinginn og fleiri sögur* eftir A. Christie í þýðingu Ragnars Jónassonar er fyrir þá sem hafa gaman af klassískum sakamálasögum. „Hercule Poirot glímir við óvenjulega ráðgátu í jólaleyfi á ensku sveitasetri. Tvö önnur mál reyna á „litlu gráu heilasellurnar“ hans Poirot. Fröken Marple kemur einnig við sögu.“

Eiríkur Brynjólfsson skrifaði bókina *Undarlegar og öðruvísi jólasögur* 2016. Þetta eru jólasögur fyrir fullorðna þar sem „frelsarinn reynir að koma vitinu fyrir ýmsa sem eru komnir á fremsta

hlunn með að fremja illvirki. Eða þannig! Meðal þeirra sem koma við sögu eru Lítil stúlka með eldspýtur, Litla gula hænna, nornin í Hans og Grétu og fátæk hjón sem ætla að ræna banka.“

Ekki má gleyma að leyfa notalegri jólatónlist að hljóma í desember. Úrval jóladiska er til útláns í Bókasafninu; njótið aðventunnar.

### Nú mega jólin koma fyrir mér

Á fyrsta sunnudegi aðventunnar

ég ek til kaupmannsins í einum rykk

því þó að fjárhirslurnar gerist grunnar

ég geri vel við mig í mat og drykk.

Ég kaupi sætabrauð og súkkulaði

súpur og ávexti og kjöt og smér

klyfjaður góssi burt ég held með hraði

og hleð í skottið allskyns gúmmelaði

þá mega jólin koma fyrir mér.

Á öðrum sunnudegi aðventunnar

alhliða hreinsunarstarf á sér stað

þá söngperlur ég söngla ýmsum kunnar

og síðan læt ég renna í funheitt bað.

Þá allar spjarirnar ég af mér reiti

og öllum deginum við þvotta ver

ég skrúbba tærnar, skegg og lubba bleyti

ég skef úr eyrum svona að mestu leyti

þá mega jólin koma fyrir mér.

Á þriðja sunnudegi aðventunnar  
andlegu hliðinni ég geri skil  
en til að virka skulu viskubrunnar  
sko vera rakir eða þarumbil.  
Það stoðar lítt að sitja einn með ekka  
örlögum heimsins velta fyrir sér  
en ég verð heimsins mesta mannvitsbrekka  
á meðan ég fæ bara nóg að drekka  
þá mega jólin koma fyrir mér.

Á fjórða sunnudegi aðventunnar  
ég æði um húsið til að gera allt fínt  
en skreytingarnar eru ansi þunnar  
því árans skrautið virðist mest allt týnt.  
Ég skvetti sápuvatni á gólf og glugga  
og gref upp nokkuð heillegt sængurver  
við bústnum rykmaurum ég reyni að stugga  
og ryð svo þvottinum í næsta skugga  
þá mega jólin koma fyrir mér.

Loks þegar aðfanganna dag að drífur  
ég dreg fram spariföt og flibbahnapp

svo þegar skyrtukraginn stendur stífur

ég stari í spegilinn og gef mér klapp.

Því jólin eru tími til að þakka

og taka ofan fyrir þeim sem ber

á meðan ég hef matarögn að smakka

og meðan ég fæ risavaxinn þakka

þá mega jólin koma fyrir mér.

(Lag og texti: Sigurður Guðmundsson og Memfismaffan)